




Efni: Skerseyrarvegur 3c. Umsögn vegna lóðarstækkunar.

Þann 10. sept. sl. óskar Gísli Jónsson lóðarhafi við Skerseyrarveg 3c eftir lóðastækkun. Með erindinu fylgja skissur er sýna fyrirhugaða stækkun.

Í Vesturbæ Hafnarfjarðar eru minni landskikar milli húsanna sem hafa verið til skoðunar síðustu árin og markmið að þrjóna þá við aðliggjandi lóðir. Með þeim hætti fá íbúar stærri garð og landið nýtist þeim frekar til ánægju. Þessir hlutar milli húsanna verða því miður oft í órækt þar sem í mörgum tilfellum reynist erfitt að komast að þeim og hirða fyrir bæjarstarfsmenn.

Nú er óskað eftir að stækka lóðina við Skerseyrarveg 3c í samræmi við þann hluta sem hefur verið ljómaður á skjáskoti. Sjá mynd hér fyrir neðan.



Lóðarstækkun við Skerseyrarveg 3c er í ágætu samræmi við það sem fram kemur hér að ofan.

Skipulagsfulltrúi leggur til að stækkunin verði meiri og með skýrari hætti svo að ekki verði eins mikið land milli húsanna sem engum nýtist. Stækkunin verði þá með eftirfarandi hætti:

Skv. núv. lóðaleigusamningi er lóðin 543,4m². Í tillögu sem send var til frekari skoðunar vegna skipulagsvinnu er varðar endurskoðun deiliskipulags Vesturbæjar verður lóðin 606,1m², gul lína. Ný tillaga að lóðarstækkun sýnir 735,3m² lóð, svört lína, sbr. skjáskot fyrir ofan t.h. tillaga að stækkun.

Mælt er með að tekið verði jákvætt í erindið og lóðarhafa veittur kostur til að stækka lóðina í 735,3m².